

Reykjavík, 14. desember 2020

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um breytingartillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tryggingagjald o.fl.)

Hinn 12. desember síðastliðinn lagði meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar fram breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (þskj. 573 í 314. máli) þar sem m.a. er lagt til að ökutækjaleigum verði tryggð vörugjaldsívilnun sem er tengd við innkaup á tilteknu hlutfalli ökutækja, af heildarinnkaupum, sem falla undir gildissvið 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV í lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Nánar tiltekið er lagt til að ívilnunin verði háð því skilyrði að árið 2021 muni innkaup ökutækjaleigu á rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðum nema 15% af heildarinnkaupum ökutækja og 25% árið 2021.

Breytingartillagan hefur verið tekin til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu. Í grundvallaratriðum er henni fagnað enda mun hún stuðla að því að ökutækjaleigum verði kleift að líta í auknum mæli til loftslags- og umhverfissjónarmiða við reglulega endurnýjun bílaleigubíla. Ljóst er að ýmsar hindranir standa í vegi þess að ökutækjaleigur geti ráðist í stórfelld innkaup og útleigu loftslagsvænni ökutækja en ætla verður að tillagan muni gera þeim mun auðveldara um vik.

Að framangreindu sögðu verður til þess að líta að metnaðarfull loftslagsmarkmið stjórnvalda gera í eðli sínu ekki ráð fyrir einni tækni umfram aðra heldur er stefnt að tölulegum samdrætti losunar gróðurhúsalofttegunda á tilteknum árafjölda. Eigi þau markmið að nást þarf augljóslega að nýta öll tækifæri sem til boða standa. Í því samhengi telja SVP þá annmarka vera á tillögunni að hún sé of þröngt afmörkuð þegar kemur að lágmarksinnkaupum tiltekinna ökutækja. Til að mynda telja samtökin að skorti á rökrænt samhengi þess að tengja ívilnunina við innkaup á tengiltvinnbifreiðum (e. Plug-in Hybrid) en undanskilja á sama tíma innkaup á tvinnbifreiðum (e. Hybrid).

Tengiltvinn- og tvinnbifreiðar eiga það sammerkt að losun gróðurhúsalofttegunda við notkun þeirra er að tiltölu lág borið saman við losun hefðbundinna bensín- og dísilbifreiða. Við útleigu tengiltvinnbifreiða verður það háð vilja og þekkingu leigutaka hvort hann nýtir sér fyrirbyggjandi hleðslumöguleika. Því mun raunveruleg notkun leigutaka ráða því hve mikið slík bifreið losar í akstri hverju sinni. Allt eins getur því komið til þess að leigutaki kjósi að nýta hleðslumöguleikana ekki heldur einungis jarðefnaeldsneyti. Fari svo má gera ráð fyrir að losun við notkun verði ekki mikið minni en almennt gerist við notkun bensín- eða dísilbifreiða. Það á hins vegar ekki við í tilviki tvinnbifreiða þar sem þær hagnýta ávallt raforku við akstur. Tölvubúnaður margra tvinnbifreiða tryggir beinlínis hagstæða samnýtingu rafmagnsmótors og sprengihreyfils og í því ljósi er meðallosun í akstri alltaf lág. Hafa viðurkenndir rannsóknaraðilar

Í tilviki sumra tvinnbifreiða komist að þeirri niðurstöðu að í hefðbundnum akstri hagnýti þær raforku sem nemur helmingi af notkun. Allt eins er því líklegt að betri árangur geti náðst þegar að samdrætti losunar kemur ef lögð yrði jöfn áhersla á að stuðla að innkaupum og útleigu tvinnbifreiða og tengiltvinnbifreiða. Til viðbótar er tilefni til að vekja athygli á að dæmi eru um að bílaumboð á Íslandi bjóði kaupendum upp á kolefnishlutlausu notkun tvinnbifreiða á líftíma þeirra í samstarfi við Kolvið. Ef tekið er tillit til slíkra þátta getur notkun tvinnbifreiða í raun verið hlutlaus þegar að losun gróðurhúsalofttegunda kemur.

Í ljósi framangreinds leggja SVP til að til viðbótar við þau ökutæki sem falla undir gildissvið 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV í lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, verði tvinnbifreiðar meðal þeirra ökutækja sem felld verði skilyrðið undir heildarinnkaup ökutækja, 15% árið 2021 og 25% árið 2022, í efnisákvæðum 3. tölul. fyrstu efnismálgreinar 5. töluliðar breytingartillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar á þingskjali nr. 573 í 314. máli á líðandi löggjafarþingi.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur